

Listaháskóli Íslands

Lokaskýrsla í NAIP-Meistaránámi í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

23. maí 2014

### (K)ó(r)gjörningur?



– Hugleiðing um óhefðbundar leiðir til að  
nálgast hljóðfærið kór á skapandi hátt  
og höfða til nýrra áhorfenda –

Maríus Hermann Sverrisson

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. NAIP – Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf MEDIS 5 Ísafjörður og Ísaksskóli – Stjórnun og leiðsögn Frá miðöldum til okkar tíma Hvar endar námið og hvar byrjar atvinnan? Kór sem innstilling	4
3. Kvennakórinn Hrynjandi Í leit að nýjum áhorfendum Þátttaka Hrynjanda í öðrum verkefnum Hrynjandi sem kórgjörningur Hrynjandi – Nýir áhorfendur? Verkefnastjórnun	8
4. Lokatónleikar í Salnum Einsöngsnám og meðleikur	12
5. Önnur verkefni á námstímanum Spamalot Legends of Oz	13
6. Samantekt	14
7. Lokaorð - Að tengjast öðrum	15

## 1. Inngangur

Þegar ég íhugaði að þreyta inntökupróf í Listaháskóla Íslands vorið 2012 hafði ég ekki áður heyrt af NAIP-námi skólans. Í fyrstu hafði ég hug á að stunda nám í kennslufræðum við LHÍ en eftir að hafa kynnt mér báðar námsleiðirnar varð ég sannfærður um að NAIP-námið hentaði mér betur. Ástæður þessa mats voru einna helst þær að ég hafði áhuga á að mynda tengsl við listafólk frá öðrum löndum, vinna að mínum verkefnum í akademísku umhverfi og fá tól og tæki til að kenna og leiðbeina hópum og skipuleggja verkefni með aðstoð þeirrar kennslutækni sem kennd er í þessu námi. Einnig langaði mig til að vinna með Sigurði Halldórssyni þar sem ég tengi vel við tónlistarmiðlun hans, sérstaklega þegar kemur að barokk- og miðaldatónlist, en þó ekki síður flutningi á nútímatónlist og hlakkaði ég mjög til að fá tækifæri til að vinna að og flytja þess háttar tónlist í náminu.

Ég söng þrjú lög og fór í stutt viðtal við inntökuprófið þar sem ég lýsti þeim verkefnum sem mig langaði til að vinna að á námstímanum. Á þeim tíma vakti fyrir mér að gefa út disk með íslenskri kirkjutónlist, halda tónlistarhátíð á Hellnum á Snæfellsnesi og vinna að klassískri söngtækni og voru það þessi atriði sem ég ætlaði mér að fást við á námstímanum. Ýmislegt hefur þó farið á annan veg.



Undirbúningur NAIP-hópsins fyrir æfingar með MEDIS 5

Stærsti hlutinn af námstímanum hefur farið í að byggja upp og skipuleggja starf kvennakórsins Hrynjanda og er það meginumfjöllunarefni þessarar skýrslu. Ákveðin undirstaða í náminu er þó ferð mín með NAIP-hópnum til Sigtuna í Svíþjóð í 10 daga haustið 2012 þar sem unnið var hörðum höndum að hinum ýmsu verkefnum, t.a.m. spuna og leiktúlkun. Þar stóð upp úr vinnan með listahópnum MEDIS 5.

## 2. NAIP – Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf

### MEDIS 5

MEDIS 5 er hópur hæfileikafólks á ýmsum listasviðum sem á það sameiginlegt að vinna að listsköpun sinni í félagsmiðstöð fyrir fólk með þroskaskerðingu í miðborg Stokkhólms. Fyrir utan að mála og teikna myndir, setja upp leikrit, smíða hljóðfæri og dansa, semja þau ljóð og texta sem gefa engu eftir í frumleika og snilli. Þegar okkur voru fyrst kynnt ljóðin þeirra urðum við öll í NAIP-hópnum mjög spennt yfir að fá að sviðsetja þau fyrir lokatónleikana í Sigtuna. Unnið var með ýmsar tegundir tónlistar, svo sem raftónlist, rapp og söngleikja- og kabarett-form. Verkefnið reyndist krefjandi og var samvinna á köflum ekki auðveld milli okkar NAIP-nemanna, enda vorum við frá þremur heimsálfum og með mjög ólíkan bakgrunn. Félagarnir í MEDIS 5 reyndust okkur þar vel og sýndu okkur mikinn skilning og þolinmæði og á endanum varð útkoman afbragðsgóð.



NAIP-nemar með MEDIS 5 eftir vel heppnaða tónleika í Sigtuna

### Hugleiðing

Það að vinna með þessum ólíka hópi sem NAIP-nemarnir eru reyndist strembið enda aðstæður að mörgu leyti erfiðar; tíminn stuttur og margar mismunandi skoðanir í gangi. Sú orka sem magnaðist í hópnum gat bæði verið skapandi og ögrandi, en einmitt þessi áskorun reyndist mér lærdómsríkust og var klárlega ein eftirminnilegasta

reynsla mín í NAIP-náminu. Þess má að auki geta að ég hef haldið sambandi við og heimsótt MEDIS 5 eftir að uppsetningu lauk.

### **Ísafjörður og Ísaksskóli – Stjórnun og leiðsögn**

Tvö námskeið í stjórnun og leiðsögn voru haldin hér á Íslandi fyrir NAIP-nema á námsferlinu. Þetta er gert til að þjálfa með nemendum frekari sveigjanleika í samstarfi og verkefnastjórnun sem og spunavinnu og skapandi ferli. Hér áttu nemendur að taka við stjórnrautum og leiða áfram hin ýmsu spunaverkefni sem enduðu á sviði fyrir framan áhorfendur.

Fyrst tókum við þátt í verkefnaviku á Ísafirði undir leiðsögn Sigurðar Halldórssonar og Jóns Gunnars Biering. Sú ferð reyndist bæði mjög lærdómsrík og skemmtileg, en vikunni lauk með tónleikum í sal Tónlistarskólans á Ísafirði og var okkur vel tekið.

Seinna námskeiðið var haldið í Skóla Ísaks Jónssonar í Reykjavík undir leiðsögn Sigrúnar Sævarsdóttur og var þá aðalmarkmiðið að aðstoða nemendur Ísaksskóla við tónlistarsköpun og flutning á efni sem unnið var á námskeiðinu.

### **Hugleiðing**

Bæði þessi námskeið hafa reynst mér einkar vel í eigin starfi sem leiðbeinanda og kórstjóra. Ég hef kynnt mér nýjar og skapandi aðferðir í minni vinnu og held áfram að þróa mig sem leiðtoga og stjórnanda og nýta þá stjórnunartækni sem ég hef náð að tileinka mér í náminu, ekki síst úr þessum námskeiðum.

### **Frá miðöldum til okkar tíma**

Undir leiðsögn Sigurðar Halldórssonar og meðlima í Voces Thules tók ég þátt í spennandi verkefni ásamt öðrum nemendum í tónlistardeild LHÍ. Þar voru flutt verk eftir nútímatónskáldin Arvo Pärt, Machaut og Schnittke, auk þess sem unnið var með miðaldaverk, t.a.m. úr Þorlákstíðum. Þetta fluttum við bæði í Laugarneskirkju og Skálholtskirkju sumarið 2013 og



Pierrot Lunaire í Langholtskirkju 2013, með Beiba Bartecka

reyndist krefjandi verkefni en viðtökur áhorfenda voru prýðisgóðar. Þá flutti ég úr verkinu Pierrot Lunaire ásamt Beiba Bartecka í Langholtskirkju sama ár.

### **Hvar endar námið og hvar byrjar atvinnan?**

Eitt af einkennum NAIP-námsins er að draga ekki skýra línu á milli náms og atvinnumennsku. Það er enda eitt af viðmiðum við inntöku í námið að nemendur hafi reynslu af tónlistarstarfi, séu helst virkir í tónlist og hafi af henni atvinnu. Það má því segja að reynsla mín af því að vinna bæði sem nemandi og leiðbeinandi á námskeiðum NAIP, sem og af því að koma fram á tónleikum og leiksýningum með öðru atvinnufólki í tónlist hafi auðveldað mér að nýta það sem námið gaf mér úti á vinnumarkaði og tengja þannig vinnuna mína inn í námið.

### **Kór sem innstilling**

Kór sem innstilling er hugmynd sem hefur verið mér leiðarljós í vinnu minni með kvennakórnum Hrynjanda sem fjallað verður um í næsta kafla. Þar ber helst að nefna óhefðbundnar leiðir, þar sem unnið er með kór sem frumorku hvort heldur maður líti á hann sem eitt hljóðfæri eða hóp einstaklinga sem koma fram sem leikarar eða túlkendur, s.s. með talsöng í anda forngríska leikhússins eða uppákomum innblásnum af hugmyndum gjörningalistar 20. aldarinnar.

Í gegnum nám mitt við LHÍ bauðst mér að skipuleggja tónlistaruppákomur við opnun á nýju tískuhúsi, ATMO, við Laugarveg í nóvember 2012. Hugmyndin hjá eigendum tískuhússins var að skapa nokkurs konar verslunarmiðstöð sem eingöngu væri helguð íslenskri fata- og vöruhönnun.



Fyrirsætu-/englakórinn 2012

Ég fékk félagi úr NAIP-hópnum til að taka þátt í verkefninu og að auki fengum við Sverri Guðjónsson söngvara til liðs við okkur sem leiðbeinanda. Margar áhugaverðar hugmyndir urðu til í ferlinu og lögðum við okkur öll í líma við að skapa frumlegar uppákomur sem þó pössuðu inn í ramma hönnunar og tísku.

Mitt framlag var nokkurs konar kómísk krítik á neyslusamfélagið þar sem ég fékk til liðs við mig valda félaga úr Stúlknakór Reykjavíkur og nemendur úr LHÍ til að koma fram sem fyrirsætu-/englakór. Þannig hóf hvítklæddur kórinn upp raust sína í hvert skipti sem einhver gestur á opnuninni steig upp í rúllustigann á leið á efri hæð verslunarinnar og varð upplifunin eins og áhorfandinn stigi upp til tískuhimna þar sem allir væru fallegir og syngju vel.

### **Hugleiðing**

Það má með sanni segja að uppákomnan hafi vakið athygli þeirra hundruða gesta sem leið sína lögðu í verslunina þennan opnunardag. Gestir á opnuninni komu víðs vegar að, þar voru gangandi vegfarendur á Laugavegi, forseti Íslands og frú ásamt fjölmiðlafólki og fólki úr tískuheiminum, og því er hægt að fullyrða að þessi englakór hafi náð til nýrra áhorfenda þennan dag.



### 3. Kvinnakórinn Hrynjandi

Kvinnakórinn Hrynjandi tók til starfa vorið 2011 og hefur því starfað í u.þ.b. þrjú ár. Meðlimir kórsins eru fimmtíu talsins hverju sinni og ég hef verið stjórnandi hans frá upphafi. Meðlimirnir eru konur á aldrinum 30-55 ára, flestar tengdar listum og menningarmálum á einhvern hátt. Þetta er góð blanda, þar eru núna leikkonur, myndlistarkonur, tónlistarkonur, hönnuðir og konur tengdar fjölmiðlum og stjórnmálum. Það var því ekki langt í að hinar ýmsu hugmyndir um óhefðbunda nálgun færu að skjóta upp kollinum og á það bæði við um lagaval, uppákomur og fjáröflunarleiðir.



Hrynjandi í Iðná 2013

#### Í leit að nýjum áhorfendum

Til að ná til nýrra áhorfenda hefur kórinn frá upphafi farið óhefðbundnar leiðir. Þar má helst nefna þátttöku okkar í Leikhúsi listamanna í Gamla bíói, þann 3. desember 2012. Margir af helstu listamönnum landsins tóku þátt í þeim viðburði. Þarna flutti Hrynjandi kórgjörninginn Superman eftir Laurie Anderson í þýðingu Margrétar Einarsdóttur Long. María Pétursdóttir sá um hljóðmynd en leik- og kórstjórn var í mínum höndum enda var þetta hluti af lokaverkefni mínu í NAIP-náminu.

Hugmyndin var að skapa nokkurs konar gjörning þar sem stakir kórmeðlimir myndu flytja setningar úr laginu með taktmæli sem hljóðfæri. Til að leggja áherslu á berskjaldaðan textann voru konurnar klæddar í svarta samfestinga sem í raun hóppera einstaklingana. Andlitin voru máluð í gylltum lit sem minnti einna helst á stríðsmálningu eða grímur. Það má túlka sem svo að tilfinningar þeirra væru ekki lengur sýnilegar eða aðgengilegar öðrum og áhorfendum og hlustendum ættu ekki að



halda að þeir hefðu einhvern rétt á að kafa dýpra, þótt þær sýndu inn í sál sína eitt augnablik með textanum.

Í byrjun var einungis einn taktmælir á sviðinu og þegar ég, kórstjórinn, birtist, klæddur eins og sirkusstjóri, kveikti ég á mælinum og byrjaði að stjórna. Stuttu síðar hófst tölvutónlist sem unnin hafði verið sérstaklega fyrir verkefnið. Komu konurnar þá hver á fætur annari á svið og sagði sinn harm eða sína gleði í örstuttum setningum sem unnar voru úr söngtextanum Superman. Smám saman fjölgaði konunum og þegar þær voru orðnar hátt í þrjátíu talsins byrjuðu þær að tala í kór og öskra textann hástöfum. Í lokin magnaðist þetta yfir í nokkurs konar fæðingarstunur sem urðu smátt og smátt samdauna taktmælinum eins og til að sýna tengsl konunnar við takt náttúrunnar og sköpunarinnar.

### **Þátttaka Hrynjanda í öðrum verkefnum**

Vorið 2013 fluttu meðlimir kórsins galdrapúlur sem hluti af innstillingunni Þrígaldur þursavænn eftir Magnús Pálsson sem fluttur var á Listahátíð í Listasafni Reykjavíkur. Hér var um að ræða uppfærslu Ingibjargar Magnadóttur og Jóhönnu Friðriku Sæmundsdóttur á leiknum gjörningi sem Magnús frumflutti árið 2000. Gjörningurinn stóð yfir klukkustundum saman, og var raddþjálfun og ráðgjöf við kórinn í þessari nýju uppfærslu m.a. í mínum höndum.

Nokkrir kórfélagar tóku þátt í verki hollenska myndlistarmannsins Tiong Ang í Nýlistasafninu. Ang setti upp sýningu í janúar á þessu ári sem bar heitið Dómgreindin er spegill. Listamaðurinn kom aftur til landsins í apríl sl. og fékk meðlimi kórsins til að taka þátt í nýju verkefni, sem enn er í vinnslu.



Frá gjörningnum Dómgreindin er spegill

Kórinn hefur einnig tekið þátt í spunavinnu með danshöfundinum Ernu Ómarsdóttur og stefnt er að uppfærslu í Þjóðleikhúsinu nú í haust 2014.

Þá má geta þess að kórinn heldur til Berlínar nú í sumar þar sem hann syngur á ýmsum uppákomum, þ.á m. í listagalleríi í borginni og í 17. júní-boði Sendiráðs Íslands í sendiherrabústaðnum.

### **Hrynjandi sem kórgjörningur**

Eins og fram kom hér að framan hefur hugmyndin um kór sem innstillingu verið mér leiðarljós frá upphafi vinnunnar með Hrynjanda, og í raun má segja að um kórgjörning sé að ræða. Það er kannski þess vegna sem okkur hefur boðist að taka þátt í listgjörningum og innstillingum listamanna. Það sem einna helst gerir nálgunina skapandi og óhefðbundna er samvinna við félagana úr röðum kórsins þegar kemur að hugmyndasköpun og framkvæmd.

Eins og komið hefur fram er Hrynjandi samansettur af alls kyns konum, sem eiga það sameiginlegt að tengjast lista- og menningarlífi á einhvern hátt. Það er sú reynsla, sá áhugi og þau tengsl sem veita kórnum sérstöðu sína og sköpunarkraft. Þess vegna var frá upphafi markmið mitt sem stjórnanda að nýta þennan kraft úr iðrum kvenna til að gefa okkur sérstöðu og skapa ímynd sem myndi ná til fleiri hlustenda á endanum.

### **Hrynjandi – Nýir áhorfendur?**

Þegar Hrynjandi kom fram á Leikhúsi listamanna var það í fyrsta sinn sem kórinn vogaði sér að stíga út fyrir þægindarammann og sýna sig nýjum áhorfendum utan verndaðs umhverfis æfingarsalar eða jólatónleka með hefðbundnu efni.

Ekkert okkar hefði grunað að við yrðum fyrir þeirri upplifun sem raunin varð á þegar við tókum að okkur verkefnið. Eftir að fyrsta feimnin var yfirstigin myndaðist mikil leikgleði í hópnum og varð okkur þá fyrst ljóst hvaða orka bjó í þessum fjölhæfu konum sem túlkendum. Það má fullyrða að þegar á hólminn var komið hafi kórinn ekki bara sýnt á sér algjörlega nýja hlið, heldur náðum við til 200-300 áhorfenda sem flestir höfðu ekki heyrt minnst á Hrynjanda áður. Ég get mér til um að þarna hafi verið fólk sem maður hittir frekar á opnun myndlistarsýninga eða á bókakynningum í miðborginni heldur en á kvennakórstónleikum. Vakti kórinn mikla athygli fyrir kraftmikla og tilraunakennda framkomu og mér er til efs að meðlimum kórsins hefði boðist þátttaka á Listahátíð í Reykjavík ef þeir hefðu ekki sýnt á sér þessa hlið í Gamla Bíói.

Lagið Superman eftir Laurie Anderson varð fyrir valinu af því að okkur langaði til að sýna á kómískan hátt hinar ýmsu hillingar og á tíðum ranghugmyndir um samskipti kynjanna. Til þess valdi kórinn svarta þrönga búninga sem gerðu einstaklingana að einni heild en ýttu um leið undir það hvað við erum öll viðkvæm og særanleg. Að auki máluðu konurnar á sig gylltar grímur, nokkurs konar stríðsmálningu, eins og til að undirstrika eitthvað ópersónulegt, fjarlægt og jafnvel hættulegt, eins og um umsátur væri að ræða.

Textinn hafði verið þýddur á íslensku og skiptu konurnar með sér línunum eftir því hvað við átti og enduðu svo allar saman í öskurkór. Öllu þessu var svo stjórnað af mér en var ég klæddur eins og sirkusstjóri, til að gefa til kynna að ég væri fremur eins og vitni að einhverjum atburði sem ég reyndi – nú eða reyndi ekki – að hafa stjórn á, en að ég væri beinn þátttakandi. Undirspilið var taktmælir sem stóð á miðju gólfinu og hófst sýningin og endaði á hljóðinu úr honum. Að auki var raftónlist notuð til að styðja við flutning kvennanna.

### **Verkefnastjórnun**

Hluti af vinnu minn sem kórstjóri Hrynjanda felur í sér verkefnastjórnun. Þar má nefna fjáröflun til ferðalaga og búninga, ráðningar á tónlistarfólki í vinnu fyrir ákveðin verkefni, leit eftir aðstoð við útsetningar á tónverkum og þýðingar á sönglögum og fleiru. Verkefnastjórnarpáttur NAIP-námsins hefur þar reynst mér traustur bakhjarl.

## 4. Lokatónleikar í Salnum

Lokatónleikarnir voru haldnir 20. maí 2014 í Salnum í Kópavogi. Efnisskráin skiptist í þrjá stutta kafla þar sem hver þeirra var tileinkaður leit að nýjum áhorfendum, með mismunandi áherslum í hverjum kafla. Á tónleikunum kom ég fram sem einsöngvari, auk þess sem ég skipulagði þá.

Fyrsti kafllinn var verkið *An die Ferne Geliebte* eftir Beethoven. Tilgangurinn með þessu verki var að sýna túlkun og raddbeitingu sem ég hef unnið að síðustu misserin undir leiðsögn prófessora LHÍ. Þessi ljóðaflokkur er krefjandi, bæði í túlkun og söng, og var þetta því áskorun fyrir mig bæði sem söngvara og leikara. Meðleikur var í höndum Selmu Guðmundsdóttur píanóleikara.

Annar kafli var unnin í samvinnu við leiðbeinanda minn, Sigurð Halldórsson. Þar fluttum við skosk þjóðlög í útsetningum Josephs Haydns. Þetta eru verk sem sjaldan heyrast hérlendis og ég hef ekki flutt áður. Þar fékk ég til liðs við mig Jónínu Björt Gunnarsdóttur sópransöngkonu og hljóðfæraleikarana Selmu á píanó, Sigurð Halldórsson á selló og Guðbjörgu Hlín Guðmundssdóttur á fiðlu.

Að síðustu flutti ég tónverkið *Þjóðhátíðarregn* eftir Þorkel Sigurbjörnsson við ljóð Sigurðar Pálssonar ásamt Sigurði, Jónínu Björt, Guðbjörgu Hlín, Mariu Önnu Kristínu Jonsson á flautu og Baldvini Ingvari Tryggvasyni á klarinett. Verkið er búrleska sem sýnir skoplega hlið á samskiptum karls og konu á leið niður í bæ á 17. júní.

Í upplappi steig svo kvennakórinn Hrynjandi til hliðar í salnum og flutti Ísland farsældar frón áður en hann kom upp á svið og flutti Vikivaka.

### Hugleiðing

Á þessum tónleikum vann ég með efni sem ég hef ekki fengist við áður. Þannig held ég áfram að ögra mér sem söngvara og flytjanda, með því að breikka efnisvalið. Á þennan hátt tel ég mig geta aukið möguleika mína sem söngvara og tónlistarmanns.

### Einsöngsnám og meðleikur

Lokatónleikarnir eru beint framhald af söngnámi mínu í tengslum við NAIP-námið. Þar hef ég notið leiðsagnar Elísabetar Erlingsdóttur og Selmu Guðmundsdóttur í söng- og undirleik. Að auki fékk ég að vinna með Kristni Sigmundssyni, Þóru Einarsdóttur og Ólöf Kolbrúnu Harðardóttur. Þessi hluti námsins hefur reynst mér ómetanlegur og hefur það verið mikill auður fyrir mig.

## 5. Önnur verkefni á námstímanum

### Spamalot

Vorið 2014 frumsýndi Þjóðleikhúsið söngleikinn Spamalot eftir Eric Idle í þýðingu Braga Valdimars Skúlasonar. Þar var ég í veigamiklu hlutverki og fékk sýningin góðar viðtökur.



Úr Spamalot, Þjóðleikhúsið 2014

Það er í sjálfu sér ekki nýtt fyrir mig að taka þátt í söngleik. Það hef ég gert stóran hluta af mínum ferli sem leikari og söngvari. Þó er ýmislegt sem ég tel

### Legends of Oz

Vinna mín á sviði Þjóðleikhússins í vor leiddi af sér nýja möguleika, t.d. talsetningu á teiknimyndinni Legends of Oz sem frumsýnd er núna í maí.

Þar fékk ég tækifæri til að spreyta mig á talsetningu á teiknimynd í fyrsta sinn. Ég talaði og söng fyrir fuglahræðuna og fjöldann allan af öðrum minni hlutverkum í myndinni.

námið hafa gagnast mér í Spamalot-ævintýrinu. Í fyrsta lagi var ég að syngja á íslensku fyrir íslenska áhorfendur eftir langa fjarveru frá íslensku leiksviði. Þetta reyndist mér áskorun og því hef ég verið mjög glaður yfir góðum viðtökum og má því með sanni segja að ég hafi verið að ná til nýrra áhorfenda. Í öðru lagi var ég að fást við annars konar hlutverk en ég hef tekist á við undanfarin ár, en Spamalot er jú gamanleikur og hlutverk mitt kómískt karakterhlutverk.

NAIP-námið hefur verið krefjandi og ögrandi, ég hef þurft að fara út fyrir þægindarammann, og um leið öðlast aukið hugrekki til að fást við nýja hluti, sbr. efnisskránnu á lokatónleikunum.



Legends of Oz, frumsýnd maí 2014

## 6. Samantekt

Þegar ég tek saman þau atriði sem ég hef unnið að frá upphafi námsins má með sanni segja að þetta hafi verið skapandi tími fyrir mig og vonandi líka fyrir það fólk sem ég hef fengið tækifæri til að vinna með á þessum tíma. Þar hef ég leitast við að setja hljóðfærið kór í nýjan ramma og koma fólki á óvart með uppákomum eins og englakór í tískuhimnaríki eða talkór í Leikhúsi listamanna, svo að ekki sé talað um þær uppákomur þar sem kórinn hefur komið fram undir öðrum formerkjum en þó notast við mína aðstoð sem raddþjálfara. Allar þessar uppákomur hafa haft einhvern gegnumgangandi þráð, sem að mínu mati er tilraunin til að tengjast tryggum en líka nýjum áhorfendum með framsæknum og skapandi aðferðum í tjáningu. Allt hefur þetta verið frumkvöðlastarf þegar horft er á kór sem meira en hljóðfæri og byrjað að hugsa starfið í víðara samhengi. Með hugmyndinni um kór sem meira en hljóðfæri á ég við kór sem hóp leikara, lifandi listaverk og innstillingu, en ekki síst sem fólk sem hefur frá einhverju að segja og vill deila því með öðrum.

Ég tel mig kominn með töluvert skýrari mynd af því hvert stefnir í starfi mínu sem kórstjóri, leiðbeinandi og framtíðarstarfi sem listamaður. Ég hef nú þegar fengið fjöldann allan af nýjum hugmyndum um hvaða hlutverki kór geti gegnt í listsköpun og þá möguleika sem hópur af áhugasömu og hæfileikaríku fólki hefur til að láta rödd sína heyrast á skapandi og nýstárlegan hátt með því að losa um fordóma og fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvaða tilgangi hljóðfærið kór hafi að gegna. Þannig tel ég mig geta opnað fyrir fleiri leiðir til að færa hljóðfærið kór til nýrra áhorfenda.

Það að stjórna uppákomum þar sem margir eiga í hlut getur verið snúið og þá sérstaklega þegar um nýsköpun er að ræða eða á vettvangi þar sem litlir eru peningarnir. Allt veltur á að stórnanda verkefni takist að vekja og halda áhuga þátttakenda á meðan á verkefninu stendur. Þó er einnig mikilvægt að dreifa ábyrgð og láta sem flesta njóta sín til að halda fólki við efnið.

Ég hef verið mjög lánsamur að starfa með þessum yndislegu konum og hefur það verið mikill stuðningur að geta leitað til þessara hæfileikakvenna þegar ég hef þurft innblástur. Ég vona að Hrynjandakonurnar hafi að sama skapi öðlast innblástur í samvinnunni við mig og ekki síður við alla þá frábæru listamenn sem kórinn hefur unnið með á þessum tíma.

## 7. Lokaorð - Að tengjast öðrum

Það má fullyrða að ein af helstu driffjöðrunum fyrir listsköpun sé sprottin úr meðvitaðri eða ómeðvitaðri löngun okkar til að tengjast öðru fólki. Þrátt fyrir það að við höfum öll okkar eigin einstöku skynjun á lífið og upplifanir okkar – þar sem við reynum jafnvel ítrekað að viðhalda ímyndinni um okkur sem einstaklinga með einstaka sýn á listina, lífið og tilveruna – má þó stöðugt finna fyrir undirliggjandi löngun mannsins til að vera skilinn af öðrum, þó ekki væri nema stutta stund að tengjast annarri sál.

Þegar um heilan kór er að ræða má segja að gjörningurinn tvöfaldist við að koma fram opinberlega; þá er kórinn að tengjast bæði inn á við til annarra meðlima og út á við til áhorfenda. Þegar við bætist tónlist eða sýn myndlistar-, leikhúslistamanna og/eða hönnuða verða oft úr spennandi tengsl. Það er kannski þess vegna sem margir af okkar fremstu listamönnum sækja í auknum mæli til hljóðfærisins kórs til að koma boðskapi sínum á framfæri.

NAIP-námið hefur bæði víkkað sýn mína inn í aðrar listgreinar, gefið mér tækifæri til að vinna að mjög ólíkum og spennandi verkefnum, svo að ég geti betur sýnt hvað í mér býr. Mig langar að þakka inntökunefndinni og öllum leiðbeinendum Listaháskólans fyrir lærdómsríkan og skemmtilegan tíma og óska þeim og samnemendum mínum heilsu og hamingju.

Kær kveðja,

Maríus Hermann Sverrisson